

66. kirkjuþing 2024 - 2025

9. mál – þskj. 9a

TILLAGA

að starfsreglum um breytingar á starfsreglum um sérþjónustupresta sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka nr. 37/2022-2023.

Flm. Þuríður Björg W. Árnadóttir, Bryndís Malla Elíadóttir.

1. gr.

Heiti starfsreglnanna verður: Starfsreglur um vígða þjóna sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka.

2. gr.

Í stað orðanna sérþjónustuprestur eða prestur í starfsreglunum koma orðin „vígður þjónn“ í viðeigandi falli og eintölu eða fleirtölu eftir því sem við á.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga 77/2021 öðlast gildi við birtingu.

Greinagerð.

Vígðir þjónar í sérþjónustu utan þjóðkirkjunnar, sem vígðir eru af biskupi Íslands, eru bæði prestar og djáknar.

Fram til þessa hafa engar starfsreglur náð yfir sérþjónustudjákna sem ráðnir eru af félagasamtökum eða stofnunum.

Sömu reglur geta gilt fyrir bæði presta og djákna og hefur djáknum því verið bætt inn í þessar reglur.

Engar frekari breytingar eru gerðar á starfreglunum.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður hljótist af samþykkt tillögunnar.